

Ed.

127. Frumvarp til laga

[76. mál]

um innflutning jeppabifreiða.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að sem fyrst verði fluttar til landsins 6 jeppabifreiðar, tvær, sem seldar verði sambandi nautgriparæktarféлага í Eyjafjarðarsýslu, tvær, sem seldar verði sambandi nautgriparæktarféлага í Borgarfirði, ein sem seld verði sambandi nautgriparæktarféлага í Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, og ein, sem seld verði rannsóknarstofnuninni að Keldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna gjaldeyriserfiðleika hefur innflutningur jeppabifreiða verið stöðvaður að kalla má nú um sinn. Eftirspurn eftir bifreiðum þessum er hins vegar mikil og engar líkur fyrir því, að hægt verði að fullnægja henni, þó að innflutningur verði mögulegur á næsta ári. Ekki verður um það deilt, að þörf manna fyrir þessar bifreiðar er misjöfn, og verður sjálfsagt erfitt að finna leiðir, er tryggi það, að þeir umsækjendur fái þær, er mesta hafa þeirra þörf. Varla verður þó ágreiningur um það, að þar sem að standa þarfir fjöldans, þá beri að meta þær meira en þörf einstaklingsins. Í þessu frumvarpi eru teknar 6 jeppabifreiðar og lagt til, að þær verði þegar fluttar inn, og um þarfir manna til að fá þær augljósar og skulu nú raktar.

Bændur í Eyjafirði standa allir saman í nautgriparæktarfélagunum. Þeir hafa komið sér upp sæðingarstöð á Akureyri, og er frá henni ekið með sæðið um allt héraðið, eftir því sem þörf krefur. Við þetta vinna þrír menn, og eru þeir oft allir á ferðinni og ætíð tveir á hverjum degi. Til þessa hafa þeir þrjá bíla, og er einn gamall herjeppi, sem nú er að verða ófær til aksturs, annar vörubíll, sem notaður er í neyð, og þriðji jeppabíll nothæfur. Eigi þessi starfsemi að geta haldið áfram með viðhlítandi kostnaði, er nauðsynlegt að fá tvo nýja jeppabíla.

Samband nautgriparæktarfélags Borgarfjarðar var stofnað 1936 og starfaði fyrst á árinu 1937. Nú er það að koma upp sæðingarstöð að Hvanneyri, og vantar þá alveg bílakost til þess að geta flutt sæðið um héraðið. Í bili er hugsað að komast af með lánsbíla, en slíkt er með öllu ógerlegt í framtíðinni.

Nautgriparæktarfélagin í Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu mynduðu með sér samband 6. nóv. og munu byrja starfsemi sína 1. jan. 1949. Til að byrja með ætla þau að hafa fastan starfsmann, er fari milli félganna, en síðar hugsa þau til að koma upp sæðingarstöð. Þeim er eins og stendur ekki þörf nema á einum jeppa handa starfsmanni sínum, en þeim er nauðsyn að fá hann.

Loks er svo lagt til, að Keldur fái einn jeppa. Vegna starfsins þar er þeim nauðsyn að geta hvenær sem er farið á þá staði, sem t. d. grunsamir sjúkdómar koma upp á, eins og þeim líka er nauðsynlegt að fara eitt og annað til að víða að sér efni til rannsókna viðvíkjandi þeim verkefnum, sem unnið er að á hverjum tíma.

Ég hef hér aðeins talað um þessa 6 jeppa, en ég veit, að bæði í Skagafirði, Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu er talað um að stofna nautgriparæktarfélagasambönd og koma á sæðingarstöðvum, en þar sem ekkert af þeim er komið af stað og það getur dregizt eitthvað, sá ég ekki ástæðu til að taka jeppabifreiðar handa þeim með nú, enda þótt ef til vill sé rétt að taka upp heimild á innflutningi handa þeim, þegar þau komast á fót.